Skotíþróttasambandið var að árétta reglur um afskráningar. Fréttin er í heild sinni hérna:Â

Við viljum árétta reglur um afskráningar keppenda á viðurkennd STÍ-mót. En í Móta-og keppnisreglum STÍ segir í 12. gr. :

Mæti keppandi ekki til leiks, án þess að boða tilskilin forföll á sannanlegan hátt til mótshaldara, í síðasta lagi sólahring fyrir setningu móts (24 klst), skal hann greiða móta og keppnisgjald til mótshaldara. Mótshaldara er skylt að láta stjórn STÍ vita af forföllum, með tölvupósti um leið og tilkynning berst frá keppanda. Félag keppenda er ábyrgt fyrir móta og keppnisgjaldi.
13. gr.
Falli greiðsla niður á keppnis- og mótagjaldi frá bæði keppanda og félagi hans er óheimilt að skrá hann til keppni fyrr en gjaldið hefur verið greitt.